



Reykjavík, 31. júlí 2019
VEL2018110025

Félagsmálaráðuneytið
b.t. Ernu Kristínar Blöndal, skrifstofustjóra
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

Efni: Öryggisvistun einstaklinga.

Vísað er til samnings við félagsmálaráðuneytið um rekstur öryggisvistunar og erindis velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, dags. 28. nóvember 2018, varðandi öryggisvistun einstaklinga sem sent var til dómsmálaráðuneytisins með afriti til félagsmálaráðuneytisins.

Í erindinu var þess farið á leit við dómsmálaráðuneytið að hefja viðræður við félagsmálaráðuneytið og Reykjavíkurborg um framtíðarsýn varðandi þetta málefni. Í erindinu kemur fram að í júní árið 2015 hafi verið skipaður samvinnuhópur um sérstaka öryggisvistun fyrir tilgreinda hópa. Í skýrslu samvinnuhópsins var bent á mikilvægi þess að sett yrðu lög um öryggisvistun fyrir einstaklinga með fjölbættar stuðningsþarfir til að tryggja skýran lagaramma um þjónustuna og þau þvingunarúrræði sem þarf að beita.

Frá hausti 2016 hefur velferðarsvið Reykjavíkurborgar rekið sérstaka öryggisvistun til bráðabirgða á grundvelli samninga við félagsmálaráðuneytið. Um er að ræða bráðabirgðaúrræði sem hefur verið rekið í þeirri trú að stefnt væri að byggingu sérhæfðs öryggisvistunarúrræðis sem grundvallaðist m.a. á minnisblaði fyrri ríkisstjórnar, þar sem gert var ráð fyrir uppbyggingu nýs öryggisibúðakjarna sem fjármagnaður yrði með stofnframlögum ríkisins samkvæmt lögum um almennar íbúðir nr. 52/2016 auk sérstakra framlaga ríkissjóðs til verkefnisins. Áform voru uppi um að byggja á lóð í Reykjavík en horfið var frá þeim áformum, m.a. þar sem lagalegar forsendur slíkrar öryggisvistunar voru mjög óskýrar og eru enn.

Lögð var áhersla á að framtíðaruppbýgging öryggisvistunar yrði með þeim hætti að nálægð við sérfræðiþjónustu og lögreglu yrði tryggð, auk þess sem tryggja bæri sérfræðistuðning frá heilbrigðisyfirvöldum við starfsemina enda um flókna og mjög sérhæfða starfsemi að ræða.

Pörf fyrir uppbyggingu sérhæfðrar öryggisvistunar og öryggisgæslu er óumdeild og mikilvægt að vel verði staðið að málum og tryggt að þjónusta og skipulag samstarfs ríkis og sveitarfélags við einstaklinga sem þurfa á öryggisvistun að halda verði í


samræmi við lög, alþjóðlegar mannréttindaskuldbindingar og alþjóðlega viðurkennd gæðaviðmið.

Að fenginni reynslu er ljóst að lagasetning um öryggisvistun er forsenda uppbyggingar öryggisúrræða. Enn hafa ekki verið sett lög um öryggisvistun og viðhlítandi lagagrundvöllur því ekki fyrir hendi. Vistun þeirra einstaklinga sem um ræðir er að mati velferðarsviðs Reykjavíkurborgar óviðunandi án skýrrar réttarheimildar.

Í ljósi ofangreinds hafnar velferðarsvið Reykjavíkurborgar frekari rekstri öryggisvistunar. Ábyrgð á jafn sérhæfðri starfsemi og rekstur öryggisvistunar er hlýtur ávallt að vera á hendi ríkisins en ekki á hendi sveitarfélaga.

Samkvæmt upplýsingum frá félagsmálaráðuneytinu er hafin vinna félagsmálaráðuneytis, dómsmálaráðuneytis og heilbrigðisráðuneytis við gerð minnisblaðs um framtíðarskipan öryggisvistunar sem lagt verður fyrir ríkisstjórn í haust. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar leggur áherslu á flýtingu málsins og telur mikilvægt að nýta þá reynslu sem aflað hefur verið í Reykjavík en að mati velferðarsviðs Reykjavíkurborgar af rekstri slíks úrræðis þá samrýmist þessi starfsemi ekki þeirri þjónustu sem er á hendi sveitarfélaga og veitt er á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og laga um málefni fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

Virðingarfullst,
f.h. velferðarsviðs Reykjavíkurborgar,



Regína Ásvaldsdóttir,
sviðsstjóri

Afrit:

Dómsmálaráðuneytið, Sölvhólsgata 7, 101 Reykjavík.
Heilbrigðisráðuneytið, Skógarhlíð 6, 105 Reykjavík.